

Fundur var haldinn í stjórn SKA, föstudaginn 23. nóvember 2018 kl. 12:45 á Borgarfirði.

Mætt: Jón Þórðarson formaður stjórnar, Lárus Heiðarsson, Björn Ingimarsson, Gauti Jóhannesson, Þór Steinarsson, Hildur Þórisdóttir, Þóroddur Helgason og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Jón setti fundinn, bauð stjórnarfolk velkomið og stjórnaði fundi.

Dagskrá fundarins.

1. Undirbúningur aðalfundar
 2. Önnur mál
-
1. Lagður var fram ársreikningur SKA fyrir árið 2017. Rekstrarhalli var kr. 2,3 millj. samkv. rekstrarreikningi, en áætlun gerði ráð fyrir kr. 6,0 millj. halla. Eigið fé samlagsins í árslok var neikv. 22,2 millj. kr. samkv. efnahagsreikningi, þar af var hækkun lífeyrisskuldbindinga 4,4 millj. og uppgjör A-deildar Brúar lífeyrissjóðs kr. 3,4 millj. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

Fjárhagsáætlun SKA 2019 var lögð fram. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 67.391.993,- Aðrar tekjur, samtals kr. 24.100.000, ásamt framlögum vegna málefna fatlaðs fólks kr. 590.000.000,- Rekstrargjöld verða samtals kr. 687.491.993,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði. Fjárhagsáætlun vísað til aðalfundar til samþykktar.

Formaður kom með tillögu að nýjum formanni og framkvæmdastjórn SKA. Gauti Jóhannesson verði formaður og Björn Ingimarsson ásamt Karli Óttari Péturssyni verði í framkvæmdastjórn. Samþykkt samhljóða.

2. Forstöðumaður skýrði stjórn frá samkomulagi við Brú lífeyrissjóð vegna jöfnunar á lífeyrisréttindum sbr. síðustu fundargerð framkvæmdastjórnar. Einnig gerði forstöðumaður grein fyrir tillögu þjónustuhóps SKA um úthlutun úr sjóði Sigríðar Kjerúlfss og niðurlagningu sjóðsins að því loknu sbr. reglur hans. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson